



Fréttir Júlí 2013



CAD Dagurinn 27 maí sl.

Þann 27. maí s.l. var haldinn hinn árlegi CAD dagur og um leið haldið upp á 15 ára afmæli CAD ehf. Ég held að það sé almenn skoðun að dagurinn hafi tekist vel og endað var með léttum veitingum. Fólk ræddi lífið og tilveruna og nutu vel. Erlendu gestirnir okkar frá Autodesk - Mads Storgaad og Richard Lindgren og Thomas Larsen frá Betech Data voru einnig ánægðir. Eins og svo oft áður slógum við nýtt met. Á CAD deginum mættu 43 gestir og miðað við höfðatölu og allt það - þá mundi það samsvara 700 manna fundi í Danmörku. Takk fyrir að koma og gera daginn ánægjulegan með okkur.



Kennsluáætlun haustsins - í samvinnu við IÐAN fræðslusetur:

- | | |
|---|--|
| • Autodesk Inventor 2014 Essentials | 27. - 28. sept. og 4. - 5. október 2013 |
| • AutoCAD 2014 Essentials | 11. - 12. okt. og 18. - 19. október 2013 |
| • AutoCAD Electrical 2014 grunnur | 22. - 23. október 2013 |
| • AutoCAD Electrical 2014 framhald | 29. - 30. október 2013 |
| • Autodesk Inventor 2014 - "Super Models" | 1. - 2. nóvember 2013 |

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma 590 6400 milli kl. 9 og 16.
Einnig má skrá sig á heimasíðu lðunar www.idan.is undir liðnum: Námskeið fyrir málm- og véltæknigreinar.

Updates & Servicepacks

AutoCAD 2014:

- [Scale List Cleanup Utility for AutoCAD 2013/2014](#) - [HÉR](#)
- [Autodesk® AutoCAD® Code Execution Vulnerability - Security Hotfix](#) - [HÉR](#)
- [Autodesk® AutoCAD® Graphics Hotfix](#) - [HÉR](#)
- [Live Update 1 for Autodesk 360 desktop companion](#) - [HÉR](#)
- [AutoCAD 2014 Custom Entity Hotfix](#) - [HÉR](#)

Autodesk Inventor 2014:

- [Update 2 for Inventor 2014](#) - [HÉR](#)
- [Live Update 1 for Autodesk 360 desktop companion](#) - [HÉR](#)

Autodesk Vault 2014 Basic:

- [Hotfix: English Vault Landing Page Is Shown In Non-English Vault Client](#) - [HÉR](#)
- [Vault 2014 Service Pack 1](#) - [HÉR](#)

Autodesk Factory Design Suite 2014

- [Hotfix - Navisworks will hang and force a restart of computer when loading large file](#) - [HÉR](#)

Autodesk 3ds Max 2014:

- [Autodesk 3ds Max 2014 Service Pack 1](#) - [HÉR](#)

Tips & Tricks


AutoCAD:

Að nota DWG Convert til að sjá hvaða teikningar koma úr skólaútgáfum (Educational Version)

Ef þú hefur mótttekið teikningar sem búnar voru til á skólaútgáfu (Hvaða Autodesk forrit sem er) þá munu þessar teikningar hafa stóran stimpill við útprentun þar sem stendur "PRODUCED BY AN AUTODESK EDUCATIONAL PRODUCT".

Stundum er gott að athuga margar "grunsamlegar" teikningar í einu án þess að þurfa að opna eina í einu. DWG Convert verkfærið sem er í DWG TrueView getur gert þetta.

Í DWG TrueView er það staðsett í Application menuinn fyrir neðan Open hnappinn.



Að nota SHIFT lykilinn í AutoCAD.


Ýmsir möguleikar opnast ef þú heldur niðri SHIFT í nokkrum aðgerðum.

Í FILLET skipuninni verður radius sett sem 0 ef SHIFT er haldið niðri - óháð radius sem þegar er sett.

Í ARC skipuninni snýst stefnan við (í stað þess að nota mínus gráður)

Inventor:

"End of Part Marker", eða "EOP" er staðsett neðst í Inventor aðgerðartéinu (Browser) og segir okkur að ekki er um fleiri aðgerðir (Features) að ræða.




En það er ekki allt. EOP merkið er unnt að nota sér til hagræðingar og hér eru 5 möguleikar

5 möguleikar á notkun EOP:


- Þú getur farið skref af skrefi í gegnum "hönnunarsögu" hlutarins (Hver "Feature" fyrir sig)
- Þú getur notað EOP til að staðsetja aðgerðir (Feature) sem hafa gleymst.
- Þú getur notað EOP til að laga aðgerðir sem hafa "klúðrast"
- Þú getur hent út öllum aðgerðum fyrir neðan EOP.
- Þú getur keyrt upp EOP til að gera partaskrána minni.

Að færa sig niður eftir tréinu (Browser)



Þessi tækni er einföld. Grípið í EOP merkið og dragið það alla leið upp. Dragðu síðan EOP merkið niður - eitt skref (feature) í einu og hægt er að sjá hvernig parturinn var búinn til.

Þetta er góð leið til að átta sig á hvernig annara manna hlutur hefur verið búinn til.



Að bæta við aðgerðir á réttum stað.

Nýjasta aðgerð er alltaf beint fyrir ofan EOP. Dragið EOP upp að þeim stað þar sem þú villt bæta inn aðgerð (Feature).


Þú getur líka hægrismellt og valið "Move EOP to Here" eða "Move EOP to Top" eða "Move EOP to End" til að senda EOP upp eða niður allt tréið.

Að laga "bilaðar" aðgerðir.



Stundum þarf að laga aðgerðir ofarlega í trénu sem orsaka galla neðar. Þá er gott að færa EOP upp undir aðgerðina sem þarf að laga og færa sig síðan niður eitt skref í einu.

Að eyða allar aðgerðir fyrir neða EOP



Með því að hægrismella og velja "Delete all features below EOP". er hægt að eyða öllum aðgerðum (features) fyrir neðan EOP.

Að minnka skráastærð

Með því að keyra EOP alla leið upp minnkar skráastærðin all verulega. Gott að gera áður en þú sendir skrá með tölvupósti.

Þangað til næst:

Lifið heil.

Finnur P. Fróðason

Hafið Samband:

sími: 5523990 -

cad@cad.is

[Forward email](#)



This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is | [Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland